



# Samfylkingin

## Efni: Spurningar til framboða stjórn málaflókka fyrir Alþingiskosningar 2021

### 1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið SP ef þið komist til áhrifa?

Samfylkingin hefur lagt höfuðáherslu á þau leiðarljós og grunngildi sem finna má í ákvæðum þeirra alþjóðlega samninga sem Ísland hefur lögfest hér á landi sem varða mannréttindi barna. Þetta má til að mynda sjá af Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem samþykkt var 1. júní 2021. Samfylkingin hyggst halda áfram á þeirri braut á vettvangi Alþingis. Leggja þarf mat á áhrif þingmála á hagsmuni barna og virða réttindi þeirra í hvívetna.

### 2. Hvernig getur menntakerfið komið betur en nú, til móts við börn og mismunandi styrkleika og þarfir og stuðlað að fjölbreyttri menntun og kennsluáðferðum?

Menntakerfi sem tryggir öllum tækifæri er lykilþáttur í samfélagssýn Samfylkingarinnar. Með námi við hæfi opnast dyr sem áður voru lokaðar. Góð menntun veitir lífsfyllingu og eflir sjálfstraust auk þess að skapa kjörskilyrði fyrir samfélag vísýni og lýðræðis. Við tökumst á við stærstu viðfangsefni samtímans með þekkingu og vísindi að vopni.

Samfylkingin beitir sér fyrir jöfnum tækifærum allra til náms. Menntastofnanir eiga að vera aðgengilegar, vettvangur þar sem enginn hópur er skilinn eftir og þar sem allir eiga möguleika á að rækta hæfileika sína og afla sér þekkingar á eigin forsendum og í þágu samfélagsins alls. Allt skólustarf á að byggjast á virðingu fyrir margbreytileika og mannréttindum.

Ólíkar hindranir mæta fólki með ólíka færni og hæfni. Með því að hanna og vinna að inngildandi og aðgengilegu skólakerfi á öllum skólastigum komumst við nær því markmiði að hér ríki í raun jafnrétti til náms. Samfylkingin leggur áherslu á að menntastofnanir fái fjármagn og faglegan stuðning til þess að verða inngildandi og aðgengilegar. Einnig þarf að tryggja fötludum nemendum fullnægjandi aðstoð á skólatímum við allt sem viðkemur virkri þátttöku í námi og almennu skólustarfi. Við viljum auka þekkingu kennara og kennaranema, með menntun og endurmenntun, á inngildandi kennsluáðferðum og sérhæfni hvað varðar fatlaða nemendur.

### 3. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónustan við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

Samfylkingin vill snúa vörn í sókn, og hafnar víðtækum niðurskurði í almannaþjónustu sem fyrirhugaður er af fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem nemur um 100 milljörðum króna. Börn á Íslandi eiga skilið sterka almenna velferðarþjónustu að norrænni fyrirmynd, víðtækar félagslegar tryggingar sem tryggja lífsafkomu okkar gegn áföllum og fátækt, jafnt aðgengi að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, myndarlegan stuðning við börn og foreldra, aðstoð þegar aðstoðar er þörf, husnæðisöryggi, mannréttindi og síðast en ekki síst virðingu.

### 4. Hvaða leiðir ætlið þið að fara til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu t.d. fyrir fötluð börn og börn með geðrænan vanda?

Við ætlum að snúa við blaðinu í heilbrigðismálum, fjármagna heilbrigðisþjónustuna betur og beita okkur fyrir tímabærum kerfisbreytingum og umbótum í þjónustu við fólk og fjölskyldur.

Samfylkingin vill efla stuðning við fötluð börn, langveik börn og börn með hegðunarvandamál,



geðraskanir og þroskafrávik auk þess að útrýma biðlistum barna og ungmenna sem bíða eftir greiningu og úrræðum við hæfi. Á bak við hvert nafn á biðlista eru fjölskyldur sem þurfa lausn á sínum vanda. Það þarf að uppræta biðlista barna og ungmenna eftir nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu, hvort sem er á BUGL eða hjá ráðgjafa og greiningarstöð. Innleiða þarf gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Samfylkingin vill stórauka snemmtækan stuðning við börn, einkum á fyrstu árum í lífi þeirra.

## **5. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?**

Samfylkingin studdi mál barnamálaráðherra frá byrjun og tók þátt í vinnunni að búa þessar lausnir til. Samþætting þjónustu er tæki til að finna vanda en ekki leysa vanda. Þannig verður komandi ríkisstjórn að leysa vanda þeirra barna sem bíða eftir þjónustu, búa við vanrækslu og ofbeldi eða búa við fátækt. Ekkert af því er leyst með samþættingu sem á að leiða til þess að kerfið finni þessi börn.

## **6. Hvernig getur Ísland verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu?**

Samfylkingin telur að Ísland eigi að leggja ríkulega af mörkum í baráttunni gegn fátækt og barnadauda á heimsvísu og aðstoða við efnahagslega og félagslega uppbyggingu í fátækum ríkjum. Samfylkingin leggur áherslu á að framlög Íslands til þróunarsamvinnu nái í tímasettum áföngum viðmiðum SP um 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum og verði sambærileg við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Menntun, jafnréttismál, málefni barna og viðkvæmra hópa og heilbrigðismál eru allt mikilvægir þættir þróunarsamvinnu sem Samfylkingin áherslu á að Ísland taki virkan þátt í. Leggja þarf sérstaka áherslu á að efla konur til menntunar, atvinnu og sjálfstæðis um allan heim og verja rétt þeirra yfir eigin líkama.

## **7. Hvaða leiðir teljið þið að þurfi að fara til að efla þátttöku barna í öllum ákvörðunum sem þau varða og til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað á grundvelli mismunandi menningarbakgrunns, fjárhagsstöðu foreldra og fleira?**

Samfylkingin telur að allar ákvarðanir og ráðstafanir yfirvalda gagnvart börnum skulu byggjast á þeirri grundvallarreglu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að það sem er barni fyrir bestu hafi alltaf forgang. Stjórnvöld eiga að sýna börnum virðingu og veita þeim tækifæri til að tjá sig um mál sem þau varða.

Börn eiga að njóta vafans þegar grunur er um ofbeldi á heimili. Rýna þarf lagaumhverfi og lagaframkvæmd barnaverndar- og umgengnismála með hliðsjón af þessu.

Samfylkingin vill að börn fái snemmtækan stuðning og þá þjónustu sem þau þurfa til að geta nýtt hæfileika sína og liðið vel. Velliðan barna í daglegu lífi leggur grunn að árangri í skóla- og frístundastarfi, að heilbrigði og að virkri þátttöku í samfélaginu.

## **8. Hvernig á/ætlað flokkurinn að minnka áhrif loftslagsbreytinga og þannig tryggja velferð barna og framtíð þeirra?**

Stærsta áskorunin sem mannkynið stendur frammi fyrir er að vinna gegn loftslagsvánni og draga sem verða má úr áhrifum hennar. Framtíð barnanna okkar veltur á því að ríki, stór og smá, taki höndum saman um róttækar breytingar á framleiðslu og lífnaðarháttum. Við Íslendingar erum rík þjóð, búum yfir gnótt auðlinda og höfum skyldum að gegna við heimsbyggðina og komandi kynslóðir. Við ætlum að hefja kraftmikla sókn í loftslagsmálum, þess að hrinda þessu í framkvæmd



Þurfum við nýja nálgun og alvöru aðgerðir strax. Samfylkingin hefur lagt fram 50 atriða aðgerðaráætlun til þess að ná 60% samdrætti í útblæstri fyrir ári 2030. En aðgerðaráætlunina má finna á [xs.is/loftslag](https://xs.is/loftslag)